



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

LÆKJARSKÓLI ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff munu í fyrramálið, þriðjudaginn 22 febrúar kl. 10:00, heimsækja Lækjarskóla í Hafnarfirði en skólinn hlaut Íslensku menntaverðlaunin 2010.

Nemendur skólans munu taka á móti forsetahjónum á skólalóðinni og síðan munu þau fylgjast með viðburðum í íþróttahúsi og sundlaug skólans sem og heimsækja kennslustofur og taka þátt í hátíðardagskrá þar sem nemendur og forráðamenn skólans kynna starfsemi hans, nýjungar og áherslur í skólastarfi.

21. febrúar 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Guðbrandur Stígur Ágústsson (862 8049).